

Íslenska vitafélagið

Skýrsla stjórnar 2014 Starfsárið 2013-2014

Helstu verkefni félagsins á liðnu starfsári voru:

Stjórnin hélt níu stjórnarfundum (2. júlí, 11. júlí, 30. ágúst, 19. október, 4. desember, 8. janúar, 5. febrúar, 8. apríl og 1. maí)

Karlskrona. Stærsta verkefni Vitafélagsins var þátttaka í Norrænu strandmenningarhátíðinni í Karlskrona. Hátíðin var haldin dagana 2-7 júlí og á vegum félagsins fóru tuttugu manns sem tóku virkan þátt í hátíðinni. Eimskip flutti allan varning sem sýndur og kynntur var á hátíðinni. Til að reyna að borga fyrir okkur gerði Kristján Sveinsson Power-Point kynningu á sögu og starfi Eimskipa sem sýnd var á Maritima Museet. Eimskip greiddi einnig götu Færeyinga og flutti forláta bát frá Þórshöfn til Karlskrona. Báturinn lenti þó í smáævintýrum á leiðinni þar sem skip Eimskipa strandaði fyrir utan Gdansk. Snör handtök og einstakur velvilji Eimskipa varð þó til þess að bátur Færeyinga komst á áfangastað í tækatíð. Hann var einfaldlega keyrður (á kostnað Eimskipa) frá Pólandi til Svíþjóðar. Kristján Sveinsson tók einnig að sér að skrifa stutta sögu Eimskipa og verður hún birt ásamt fyrirlestrunum sem fluttir voru á hátíðinni í sérstöku hefti sem kemur út innan skamms. Handverksfólk úr Eyjafirði sýndi handverk; vefnað, útskurð, skógerð úr roði og fl. Formaður hljóp í skarðið fyrir Níels Einarsson hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sem ætlaði að halda erindi á málþinginu og talaði um verkefni Fishernet og stöðu strandmenningar á Íslandi. Magnús Skúlason og Sigurbjörg Árnadóttir fræddu gesti og gangandi um strandmenningu Íslands og stóð vaktina í kynningarbásnum, en senunni stal síldarsöltunarfólk Síldarminjasafnsins á Siglufirði sem hafnaði á sínum sænskra dagblaða. Óhætt er að fullyrða að sjaldan eða aldrei hefur íslensk strandmenning fengið jafn mikla og víðtæka kynningu og þarna.

Fyrirlestrar og fræðsluerindi.

Vorfundur félagsins var haldinn 11. maí 2013 á Akranesi í samvinnu við Akraneskaupstað og Safnasvæðið á Akranesi. Yfirskrift dagskrár var **HAFIÐ, FJARAN OG FÓLKIÐ - menningararfleifð, tækifæri og ógnir sjávarbyggða**. Fundarstjóri var Anna Leif Elíadóttir, verkefnastjóri. Dagskráin hófst í Akranesvita klukkan tíu að morgni með tónleikum og upplestri en færðist síðan yfir á Safnasvæðið þar sem fróðleg erindi voru flutt.

Spegill fortíðar-silfur framtíðar. Að venju var vetrardagskráin í Víkinni – Sjóminjasafni Reykjavíkur undir samheitinu **Spegill fortíðar – Silfur framtíðar**. Sex fræðslukvöld voru í boði og aðsókn að fræðslukvöldunum var yfirleitt mjög góð. Eftirfarandi erindi voru flutt:

2. október 2013

Siglufjörður í norrænu sambandi fyrr og síðar: Örlygur Kristfinnsson
Flakkað um landið á Húna II: Jón Þór Þorleifsson o.fl.

6. nóvember 2013

Hlunnindi jarða, fyrr og nú: Árni Snæbjörnsson
Útræði frá sjávarjörðum – saga-hefðir- réttur. Guðrún Ása Grímsdóttir

8. janúar

Sjómannasöngvar : Rósa Margrét Húnadóttir
Svanhildur Jakobsdóttir

5. febrúar 2014

*Haf – og strandsvæði: eignar- og nýtingarréttindi
Stjórnun og skipulag á haf- og strandsvæðum: Ester Ármannsdóttir
Samtök eigenda sjávarjarða: Ómar Antonsson

6. mars 2014

*Hvalir – nýting til ferðapjónustu og útflutnings
Haftengd ferðapjónusta. Hvalaskoðun.
Íslenski sjávarklasinn: Vilhjálmur Jens Árnason
Hvalahljóð til útflutnings: Edda Elísabet Magnúsdóttir

8. apríl 2014

* Roð og roðnýting fyrr og nú
Nýting á fiskroði fyrr á tímum: Ágúst Ó. Georgsson
Nútíma meðhöndlun og hönnun úr roði. María K. Magnúsdóttir.

Útgáfa og vefupplýsingar

Fréttabréf Vitafélagsins. Vitafélagið gaf út tvö blöð af Fréttabréfinu 2013. Annað var gefið út að vori og með því fylgdi aðalfundarboð og reikningur fyrir árgjaldi. Hitt heftið var gefið út að hausti og fylgdi því vetrardagskrá félagsins.

Vefurinn www.vitafelagid.com Félagið datt í þann lukkupott að fá Völu Nönn Gautsdóttir til að aðstoða við gerð heimasíðunnar og nú er þess skammt að bíða að flestir verði sáttir við útlit hennar og efni.

Facebook. Sífellt fleiri vini eignast félagið á Facebook og nálgast nú vinirnir fjögur þúsund. Því miður skilar þetta sér ekki í félagsgjöldum.

Umsóknir um styrki til starfseminnar

Félagið sótti að venju um ótal styrki til starfseminnar og var meðumsækjandi að styrkjum til Clara Lachmansfond og Letterstedska Föreningen til að standa straum af kostnaði við hátíðina í Osló og einnig um ferðastyrk í Norræna menningarsjóðinn og Norsk-Íslenska samstarfssjóðinn. Auk þessa voru send um fimmtíu bréf til fyrirtækja og stofnanna þar sem beðið var um stuðning til Noregsfarar. Fátt var um svör og og krónur.

Sótt hefur verið um styrk til Íslandsstofu en ekkert hefur frést af þeirri umsókn ennþá.

Samstarf við íslenska aðila. Vitafélagið hefur unnið að gerð „Vitagarðs“ sem gera á við Garðskagavitana ásamt Norðanbálsmönnum og sveitafélaginu Garði. Sigurbjörg Árnadóttir hefur verið tengiliður félagsins við þessa uppbyggingu. Einnig vinnur félagið að því að koma ljóshúsi á gamla vitann sem er friðlýstur og er nú einhver skriður komin á þau mál. Magnús Skúlason hefur átt í viðræðum við Siglingastofnun og heldur um þessa framkvæmdarþræði. Magnús hefur haft samband við Benedikt í Skipaviðgerðum í Hafnafirði og látið honum í té teikningar af ljóshúsinu. Hann mun fara í Stykkishólm í sumar og glöggva sig á ljóshúsinu í Súgandisey sem er áþekkt og gefa verð í smíðina að því loknu.

Eftir útvarpsviðtal við formann félagsins í byrjun árs bauð Prentsmiðja Guðjóns Ó félaginu að styrkja við bak þess. Síðasta tölublað er þannig félaginu að kostnaðarlausu og það verða trúlega ekki margar krónur sem félagið þarf að borga fyrir bækling sem nú er í vinnslu um starfsemi félagsins.

Norræna strandmenningarhátíðin 2014. Unnið er að fullu að undirbúningi hátíðarinnar í Osló. Ætlunin er að Húni II sigli og taki með sér bátinn Ríkey og hljóðfæri hljómsveitarinnar Húnarnir. Erfiðlega hefur þó gengið að fá styrki og eru nú tvær grímur farnar að renna á Húna-áhöfn.

- Arndís Jóhannsdóttir mun fara á vegum félagsins og kynna nýtingu roðs fyrr og nú og Aðalsteinn Davísson halda fyrirlestur um áhrif norrænna tungumála á íslensku – sérstaklega er lýtur að fisk – og síldveiðum.
- Norðmönnum hefur gengið illa að fjármagna hátíðina sem er mjög stór í sniðum þar sem hún sameinast „Kystens landstevne“ og jafnframt eru þeir að halda uppá 700 ára afmæli borgarinnar og 200 ára afmæli stjórnarskrárinnar. Gert er ráð fyrir 2-400 bátum á hátíðina og því óhætt að lofa líflegri helgi.

Norræna strandmenningarhátíðin 2015. Sigurbjörg hefur sótt fundi í Osló og til Álandseyja en þar er nú unnið að hátíð næsta árs. 2016 verður hátíðin haldin í Færeyjum.

Nordisk kustkultur

Á fundi norrænu félaganna í Osló í febrúar 2014 var í fyrsta sinn ákveðið að formbinda þessa samvinnu og skipa formann. Samtökin fengu heitið **Nordisk kustkultur/Nordisk kystkultur** og var Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Íslenska vitafélagsins, einróma kosin til forystu. Nú eru allar norrænu þjóðirnar svo og sjálfstjórnarríkin virkir þátttakendur í samstarfinu eða alls átta aðilar

Sigurbjörg Árnadóttir
formaður